



Stóra-Vatnshornskirkja sóknarnefnd

Stóra-Vatnshornskirkjusókn

Stóra-Vatnshornskirkja er sóknarkirkja Haukdælinga. Hún tilheyrir Dalaprestakalli í Vesturlandsprófastsdæmi. Á Stóra-Vatnshorni hefur verið kirkja eins langt og heimildir ná, hennar er fyrst getið í kirknatali Páls biskups Jónssonar frá því um 1200. Þar hefur aldrei setið prestur og kirkjan ætíð útkirkja (annexía) frá Kvinnabrekku. Kvinnabrekku- og Stóra-Vatnshornssóknir voru sameinaðar Sauðafells- og Snóksdalssóknum 1871 í Suðurdalaprestakall. Þá voru bæirnir Ytri-Þorsteinsstaðir, Fremri-Þorsteinsstaðir, Kaldakinn, Skógsmúli og Vatn fluttir undir Stóra-Vatnshornssókn, undan Kvinnabrekkusókn. Suðurdalaprestakall var síðan flutt undir Hjarðarholtsprestakall 1969.

Sagan

Katólskar kirkjur staðarins voru helgaðar Guði, Maríu guðsmóður, Andrési og Pétri postulum, Ólafi helga, Noregskonungi, og Þorláki helga. Kirkjan var í bóndaeign. Varðveittir máldagar eru frá 1355, 1367 (brot), 1397, og ein frá 1497-1518.

Torfkirkja var að Stóra Vatnshorni 1853 og í góðu standi 1857. Ný kirkja var byggð úr timbri 1877 og var sú kirkja metin óhæf til viðgerðar 1957. Úr þeirri kirkju er varðveittir nokkrir munir á Byggðasafni Dalamanna, m.a. predikunarstóll, altari og grátur, hrákadallar, grafreka, ljósastandar, dúkar, fáni ofl.

Byrjað var á byggingu núverandi kirkju 1966, en hún var vígð 15. ágúst 1971 af herra Sigurbirni Einarssyni biskup. Bjarni Óskarsson byggingafultrúi Vesturlands teiknaði. Yfirmsiðir voru Davíð Jensson, Gunnar Jónsson og Þorvaldur Brynjólfsson. Kirkjan er timburhús á steiptum grunni. Klukknaportið var reist 1974 og er norðan við kirkjuna. Guðmundur Kristjánsson frá Hörðubóli skar út skírnarsáinn og vegghillu. Altarisbríkin er gömul. Altaristafla er úr Hjarðarholtskirkju frá miðri 18. öld. Orgel kirkjunnar er frá 1973.

Heimildir

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn III. Máldagi Vatnshorns í Haukadál. 1355. Bls. 100-101.

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn IV. Máldagi Vatnshornskirkju í Haukadál. 1397. Bls. 164.

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn VII. Máldagi Vatnshornskirkju. 1491-1518. Bls. 68-69.

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XV. Máldagi Gísla byskups Jónssonar. Vatnshorn. 1570 og síðar. Bls. 599-600.

Lovsamling for Island XXI. Præstekald i Dala Provsti. 3. júlí 1871. Bls. 114-115.

Afhendingar

IS-HD-2017-1 Afh. Gyða Lúðvíksdóttir 15. febrúar 2017. Mótt. Valdís Einarsdóttir.



Skjalaskrár

IS-HD-2017-1-1 Stóra-Vatnshornskirkja

1. Héraðsfundur Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmis 1985-2004
2. Lög er varða störf sóknarnefnda
3. Skuldabréf 1966-1984
4. Bréfasafn 1972-2010
5. Ársreikningar kirkjunnar 1981-2010
6. Ársreikningar kirkjugarðsins 1981-2010
7. Teikningar að platta fyrir kirkjuna. Halldór Ólafsson. 1996.
8. Kirkjugjöld og reikningar Stóra-Vatnshornskirkju 1962-1966. Stílabók.
9. Kirkjugjöld og reikningar Stóra-Vatnshornskirkju 1967-1970. Stílabók.
10. Kirkjugjöld og reikningar Stóra-Vatnshornskirkju 1971-1973. Stílabók.
11. Kirkjugjöld og reikningar Stóra-Vatnshornskirkju 1974. Stílabók
12. Vinna innansveitarmanna við kirkjubyggingu 1966.

IS-HD-2017-1-2 Stóra-Vatnshornskirkja – bókhaldsgögn

1. Fylgiskjöl kirkjunnar 1982-1995

IS-HD-2017-1-3 Stóra-Vatnshornskirkja - bókhaldsgögn

1. Fylgiskjöl kirkjunnar 1996-2003

IS-HD-2017-1-4 Stóra-Vatnshornskirkja - bókhaldsgögn

1. Fylgiskjöl kirkjunnar 2004-2010

IS-HD-2017-1-5 Stóra-Vatnshornskirkja - bókhaldsgögn

1. Fylgiskjöl kirkjugarðsins 1983-2010